

89. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, haldinn í lðu 10. nóvember 2010 kl. 16.30.

Mætt: Gylfi Þorkelsson, formaður, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Guðfinna Ólafsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri. Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri HfSu, kom á fundinn kl. 17.00 til að gera grein fyrir lið 3 í dagskránni: Leiðsögn í jarðvangi (Geopark).

Dagskrá:

Fundarmenn buðu Ingvar Pétur velkominn til starfa í stjórn FnS.

1. Endurskipun fulltrúa FnS í stjórn Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.
Stjórn samþykkir samhljóða að skipa Ingvar Pétur Guðbjörnsson í stjórn vísindasjóðsins í stað Gylfa Þorkelssonar.
2. Námskeið haustsins og önnur starfsemi haustannar.
Framkvæmdastjóri kynnti. Skráningar á námskeið skv. námsvísi haustannar hafa verið góðar. Grunnmenntaskólinn og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum eru kennd áfram, eins og á síðasta skólaári, og eru þau bæði full. Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn heilbrigðis- og félagsþjónustu hafa verið vel nýtt og nú er því verið að skipuleggja Fagnámskeið III. Raunfærnimat fyrir húsasmíðaiðnaðinn hófst í haust og er langt komið, í samstarfi við Fjölbautaskólann.
3. Leiðsögn í jarðvangi (Geopark).
Sigurður Sigursveinsson kynnti. „Geopark“ er alþjóðlegt hugtak frá því um síðustu aldamót. Um 30-40 slíkir eru starfræktir í Evrópu. Meiningin er að halda fram jarðfræðilegri sérstöðu, varðveita hana, og kynna á sjálfbæran hátt í samstarfi við heimamenn, og leggja áherslu á sköpun starfa. Þetta er í raun byggðaþróunarverkefni og hefur fallið vel í kramið. Formlegur stofnfundur verður á næstunni með Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi, háskólafélaginu og fleiri aðilum á svæðinu. Haldið verður 36 stunda námskeið fyrir heimamenn um leiðsögn í jarðvanginum og fengist hefur styrkur til verkefnisins með samstarfi við Fræðslunetið. Unnið er að því að fá alþjóðlega vottun á sunnlenska jarðvanginn, sem hlotið hefur nafnið „Katla-Geopark“, frá samtökum evrópskra jarðvanga.
4. Vorönn 2011.
Horfur eru góðar og áætlað er að halda áfram með þessi stóru námskeið FA, s.s. Grunnmenntaskólann, Nám og þjálfun og Sterkari starfsmann. Meiningin er að bjóða upp á Aftur í nám, sem er ætlað fyrir lesblinda, og koma á Fagnámskeiði III fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu, og auk þess Landnemaskólann. Þau námskeið, ásamt fleirum, verða auglýst í námsvísi vorannar.

5. Kynningarefni um Fræðslunetið og dreifing.
Framkvæmdastjóri kynnti bækling og dreifimiða sem útbúinn hefur verið fyrir Fræðslunetið. Efnið hefur verið sent öllum stærri fyrirtækjum á Suðrlandi, bókasöfnum, skólum, leikskólum og stéttarfélögum og stofnunum. Vonir standa til að fáist að dreifa þessu efni að auki með fræðsluefni stéttarfélaganna. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með þetta efni.
6. Kynning á Fræðslunetinu í fréttablaði Bárunnar.
Stéttarfélögin eru um það bil að senda út fréttablað til félagsmanna sinna og þar verður grein um Fræðslunetið.
7. Firmamerki Fræðslunetsins til formlegrar afgreiðslu.
Stjórn samþykkir firmamerkið eins og það liggur fyrir. Samþykkt greiðsla til höfundar merkisins.
8. Framlag ríkisins til símenntunarstöðva 2011
Framlag ríkisins til FnS lækkar um eina milljón, skv. fjárlagafrumvarpi næsta árs. Þar er lagður til um 5% niðurskurður til símenntunarmiðstöðva landsins.
9. Önnur mál.
Engin.

Fundi slitið kl. 18.20